

Nd.

867. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán erlendis.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka lán hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 100000 sterlingspund, eða tilsvareandi fjárhæð í annari erlendri mynt. — Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrirsjáanlegt er, að ekki verður hjá því komizt að taka rekstrarlán á þessu ári, en þó má þess vænta, að það takist að greiða það upp á þessu ári. Er það þó komið undir örlögum þeirra skattafrv., sem fyrir þinginu liggja. Þar sem hentast mun að taka slíkt lán erlendis, og vissa fyrir að það fáist, er þessi lántökuheimild borin fram. Stjórnin gerir ekki ráð fyrir, að nota þurfi lántökuheimildina til fulls.